



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins - Staða hjólreiðaáætlunar og upphitun göngu- og hjólastíga (US200133).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 13. maí sl, var eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

*Í febrúarmánuði 2019 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu þess efnis að Reykjavíkurborg myndi hefja stórsókn í upphitun göngu- og hjólastíga í borginni. Tillagan hefur ekki enn hlotið afgreiðslu. Óskað er eftir upplýsingum um stöðu málsins og hvers vegna það hefur tafist með þessum hætti? Jafnframt er óskað eftir skriflegum svörum um það hver staðan er á hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2020? Hvenær fer vinna af stað við næstu hjólreiðaáætlun og hverjir munu skipa stýrihóp um málefnið?*

Upphitun stíga er tekin til skoðunar og metin sjálfstætt í hverju verkefni fyrir sig með sérstöku tillit til aðgengis að heitu vatni og rekstrarkostnaðar en upphitun stíga er almennt dýrari en hefðbundinn snjómokstur. Á fundi sínum þann 20. maí sl., samþykkti skipulags- og samgönguráð erindisbréf stýrihóps um Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025. Það er tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar að fjallað verði sérstaklega um þessi mál í stýrihópnum og að þar verði mótuð heildstæð stefna um upphitun stíga. Samkvæmt erindisbréfi á stýrihópur að skila tillögu að hjólreiðaáætlun 2021-2025, fyrir árslok.

Enn er í gildi hjólreiðaáætlun fyrir árin 2015-2020 sem unnið er eftir. Stöðumat hjólreiðaáætlunar í lok árs 2018 var kynnt fyrir ráðinu þann 6. mars 2019, auk þess sem framvinda áætlunarinnar er reglulega kynnt fyrir ráðinu. Sama dag og framangreind fyrirspurn var lögð fram, var yfirlit helstu verkefna ársins kynnt á fundi ráðsins. Næsta stöðumat er fyrirhugað í lok gildistíma áætlunarinnar og verður kynnt fyrir ráðinu þegar það liggur fyrir.

Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri